



- ÍST ISO 15489-1 -

## Nýr staðall um upplýsingar og skjalastjórn

Fyrsti alþjóðlegi staðallinn um skjalastjórn, ISO 15489 *Upplýsingar og skjalfesting – skjalastjórn, hlutar 1 og 2*, tók gildi 2001. Hann var þýddur og gefinn út sem íslenskur staðall 2005. Nú hafa báðir hlutar staðalsins frá 2001 verið felldir úr gildi og ný útgáfa verið gerð að íslenskum staðli.

### Áherslur í nýju útgáfunni

Ný og endurskoðuð útgáfa af fyrri hlutanum tók gildi sem alþjóðlegur staðall árið 2016. Þann 15. maí síðastliðinn tók nýja útgáfan gildi sem íslenskur staðall, ÍST ISO 15489-1:2016 *Upplýsingar og skjalfesting – skjalastjórn – 1. hluti: hugmyndir og meginreglur*. Ástæður þess að talið var nauðsynlegt að endurskoða staðallinn eru meðal annars þær að skjalastjórn er nú mun samtvinnnaðri og heildstæðari hluti af stjórnun skipulagsheilda en áður var um leið og magn skjala í rafrænu formi fer sífellt vaxandi.

Fyrri hluti endurskoðaðrar útgáfu fjallar um hugtök og meginreglur. Þar segir til dæmis í skilgreiningu á hugtakinu „skjal“ að það sé ekki einungis „sönnun“ heldur einnig „eign“ skipulagsheildar eða einstaklings sem er viðbót við skilgreininguna í eldri útgáfu staðalsins. Þá er ríkari áhersla lögð á vöktun og mat í nýju útgáfunni heldur en í þeirri eldri og enn fremur á hæfni og þjálfun. Mikið er lagt upp úr stýringum skjala í nýju útgáfunni og þar eru fjórir flokkar stýringa ræddir: Yfirlit lýsigagna, skjalaflokkunarkerfi, reglur um aðgang og heimild/leyfi og ákvörðunarvald ráðstöfunar. Samkvæmt nýju útgáfunni ættu vinnuferli að vera samtvinnuð verklagsreglum og „gildandi“ kerfum sem þýðir að skjöl eiga ekki að vera í einangruðum kerfum. Þessi vinnuferli innihalda: Myndun skjala, föngun

skjala, flokkun og lykjun, geymslu skjala, notkun og endurnotkun, yfirfærslu eða vörpun og ráðstöfun.

### Leiðbeiningar í smíðum

Vinnuhópar hjá ISO vinna nú að tilteknum efnisatriðum sem eiga að koma fram í útgáfunni af öðrum hluta staðalsins (leiðbeiningum – guidelines). Þessi atriði eru: Lýsigögn, skjalastjórn, stjórnkerfi fyrir skjöl, ráðstöfun, skipulag/innri arkitektúr – gerð/stíll skipulagsheildar, mat, kerfishönnun fyrir skjöl og skjöl í skýjum. Á þessum tímavarki er ekki tímabært að fjalla nánar um annan hluta staðalsins þar sem hann er enn í vinnslu. Óskandi er að hægt verði, í kjölfar nýrrar og endurskoðaðrar útgáfu síðari hlutans, að þýða hann á íslensku.

### Tengsl við aðra staðla

Spurningar hafa vaknað um tengsl ISO 15489 við ISO 30300-staðlaröðina – einkum ISO 30301 *Information and documentation – management systems for records – requirements* sem er vottunarstaðall andstætt ISO 15489. ISO 30300-staðlaröðin kemur ekki í staðinn fyrir ISO 15489 heldur eru þetta tengdir staðlar. Tekið er fram í inngangi ISO 30300 *Information and documentation – management systems for records – fundamentals and vocabulary* að ISO 15489 sé grundvallarstaðallinn (e. the foundation standard) sem setur fram bestu venjur við skjalastjórn. Kröfurnar í ISO 30301 byggja á meginreglum og aðferðum hans. Stjórnkerfi fyrir skjöl beinist að því að stjórna skipulagsheildinni á meðan skjalastjórnarstaðallinn beinist að því að stjórna skjölum og skjalakerfum. Nauðsynlegt er að innleiða ISO 15489 til þess að geta komið upp stjórnkerfi fyrir skjöl



Jóhanna Gunnlaugsdóttir,  
prófessor við Háskóla Íslands.

eftir kröfum ISO 30301. Rétt er að geta þess að ISO 30301 er nú í endurskoðun og hefur fengið stöðuna „review“ hjá ISO, sem er áttunda og næstsíðasta stigið í útgáfufurðinu. Í þróun er nýr staðall, ISO/NP 30301 (new work item proposal). Honum er ætlað að taka við af eldri útgáfu.

Tækniskýrsla um netvá - bls. 2

Ný útgáfa ÍST 35 - bls. 3

Staðlar bæta heiminn - bls. 4

# Ný tækniskýrsla um netvá og nokkur orð um þýðingar

Út er komin ný tækniskýrsla um varnir og viðbrögð við netvá í ISO/IEC 27000-staðlaröðinni. Tækniskýrslan heitir ISO/IEC TR 27103:2018 *Information technology - Security techniques - Cybersecurity and ISO and IEC Standards*. Þar er meðal annars lögð áhersla á áhættumat, að hægt sé að meta breytingar yfir tímabil og þannig virði þeirra fjárfestinga sem sérstaklega eru ætlaðar til að draga úr áhættu. Mikilvægt er að miðlun upplýsinga, sem oft eru tæknilegar, sé vel útfærð og réttar boðleiðir skilgreindar. Gera má ráð fyrir auknum kröfum um miðlun upplýsinga um öryggisatvik, ekki bara innan skipulagsheildarinnar heldur einnig um miðlun til ytri hagsmunaaðila.

## Vandasamar þýðingar

Vert væri að athuga með þýðingu á ISO/IEC TR 27103. Ekki er langt síðan íslenskar þýðingar á stöðlunum ISO/IEC 27000, 27001 og 27002 komu út. Stjórnunarstaðallinn ISO/IEC 27001 var sá fyrsti í þessari staðlaröð sem gefinn var út í samræmi við forskrift fyrir nýja stjórnunarstaðla, svonefndan Annex SL.

Nýju þýðingarnar í 27000-staðlaröðinni byggðu á áður þýddum útgáfum, en þó var ýmsum orðum breytt. Eins og orðinu „eign“, sem nú er „verðmæti“, en það var talið eiga betur við. Vinna við þýðingarnar var að mestu

unnin af fagaðilum með aðstoð þýðanda. Þá var þess gætt að samræmi væri við aðra staðla sem þegar hafa verið þýddir.

Mjög mikilvægt er að vanda til verka við þýðingu á erlendum stöðlum til að tryggja réttan skilning og að innleiðing á þeim sé skilvirk og árangursrík. Íslensk þýðing á orðinu „policy“, sem hefur verið þýtt til þessa sem „stefna“, á sjaldnast við í ISO/IEC 27001, að mati undirritaðs, þar sem yfirleitt er verið að fjalla um reglur en ekki stefnu. Yfirleitt ætti stefna að innihalda yfirlýsingu um markmið og framtíðarsýn og að réttar reglur séu útfærðar, innleiddar og gefnar út sem taka svo mið af stefnuyfirlýsingu. Dæmi: „Aðgangsstýringarstefna“ ætti frekar að vera „aðgangsstýringarreglur.“ „Dulritunarstefna“ ætti frekar að vera „dulritunarreglur“ o.s.frv. Þá ber að hafa hugfast, að íslenska þýðingin er einungis til hliðsjónar, en enska útgáfan er sú sem gildir.

## Fjölgun vottaðra stjórnkerfa

Stjórnunarkerfisstaðall um upplýsingaöryggi á að ná til allra upplýsinga sem unnið er með og innleiða á viðeigandi varnir, sem taka mið af niðurstöðu áhættumats. Það á jafnt við um persónu-, fjárhags-, kerfisupplýsingar, og aðrar verðmætar upplýsingar. Frá upphafi hefur krafa um áhættumat verið til staðar í



*Ólafur Róbert Rafnsson,  
ráðgjöf í áhættustýringu og  
upplýsingaöryggi.*

ISO/IEC 27001 og aðrir stjórnunarkerfisstaðlar eins og ISO 9001 og ISO 14001 gera nú einnig kröfu um áhættumat.

Víða um heim er kallað eftir betri og vandaðri meðferð upplýsinga. Greinilegt merki þessa er fjölgun vottaðra stjórnunarkerfa í Evrópu, sem rekja má meðal annars til nýrrar reglugerðar um persónuvernd, GDPR.

# Gjaldfrjáls lesaðgangur að jafnlaunastaðlinum ÍST 85

Samkvæmt samningi milli velferðar-  
ráðuneytis og Staðlaráðs Íslands hefur almenningi verið tryggður gjaldfrjáls lesaðgangur að jafnlaunastaðlinum, sem svo hefur verið kallaður, ÍST 85:2012 *Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar*. Hægt er að óska eftir gjaldfrjálsum lesaðgangi á vefnum [www.ist85.is](http://www.ist85.is).

Lög um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008, sem kveða á um lögfestingu jafnlaunavottunar hjá stofnunum og fyrirtækjum þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri, tóku gildi 1. janúar síðastliðinn. Samkvæmt lögnum skal jafnlaunavottun byggjast á innleiðingu jafnlaunakerfis í

samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Nánari upplýsingar um jafnlaunavottun er að finna á vef velferðarráðuneytis.

# Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf

Þann 15. maí síðastliðinn kom út endurskoðuð útgáfa af staðlinum ÍST 35 *Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf*. Eldri staðall er frá árinu 1992 og var fyrsta útgáfa íslensks staðals sem lagði línurnar um samningsskilmála milli verkkaupa og ráðgjafa um hönnun og ráðgjöf. Endurskoðun staðalsins var tímabær.

## Helstu breytingar

Miklar breytingar hafa orðið á flestum sviðum síðan 1992, eins og gefur að skilja. Þar á meðal breytingar á aðferðum og hugtakanotkun. Nokkur atriði taka breytingum í nýrri útgáfu og eru þessi helst:

- Einn staðall tekur til samninga eftir útboð og án útboðs
- Gildissvið staðalsins er um alla ráðgjöf vegna mannvirkja
- Gildisröð samningsgagna skilgreind
- Staðallinn að mestu notaður án sérákvæða
- Nýjum hugtökum eins og *hliðarráðgjafi* og *hópráðgjöf* bætt við
- Ítarlegri skilgreining á skyldum og réttindum samningsaðila
- Skilgreiningar á meðferð mála vegna undirráðgjafa, hliðarráðgjafa og varðandi hópráðgjöf
- Einhlít skilgreining á umboði til ákvarðana, umboðsmaður
- Samningsform gert ítarlegra og fæst nú rafrænt til útfyllingar hjá Staðlaráði

## Horft til Norðurlanda

Þó að endurskoðun staðalsins ÍST 35 hafi verið orðuð annað slagð í nokkuð langan tíma, var það kannski útrás íslenskra

verkfræðistofa á erlendan markað, í kjölfar þess að verkefni drógust mikið saman hér á landi eftir 2008, sem varð til þess að endurskoðuninni var hrundið af stað. Mörg af erlendum verkefnum verkfræðistofanna voru í Noregi og kynntust ráðgjafar þá öðru og nýrra staðlaumhverfi. Því lá beinast við að foskriftn til vinnuhópsins væri að horfa til norskra staðla. Norsku staðlarnir um skilmála við ráðgjafasamninga eru fyrst og fremst þrír, og fjalla um mismunandi samningsform og verkefni. Þeir voru gefnir út á árunum 2000-2010 og því mun yngri en ÍST 35:1992. Með þeirri sterku tilvísun í norska staðla, sem vinnuhópurinn fékk upphaflega sem leiðsögn, voru nokkrir möguleikar sem komu til umræðu. Ekki var talin álitleg lausn að taka upp norsku staðlana eða þýða þá óbreytta, þar sem þeir eru í ýmsum atriðum sértækir fyrir norskar aðstæður. Endanleg niðurstaða var að endurskoða ÍST 35:1992 og nota einn staðal. Auk norsku staðlana var ákveðið að horfa til reglna sem gilda um efnið í Danmörku og Svíþjóð.

## Vinnuhópurinn

Vinnuhópur um endurskoðun staðalsins hélt sinn fyrsta fund í mars 2016, en alls urðu fundir hópsins 46 talsins. Hópurinn skipuðu eftirtaldir:

- Rögnvaldur Gunnarsson, Vegagerðin, formaður
- Bjarni Gunnarsson, Félag ráðgjafaverkfræðinga
- Egill Viðarsson, Félag ráðgjafaverkfræðinga
- Guðlaugur Þórarinnsson, Samorka



Rögnvaldur Gunnarsson,  
verkfræðingur.

- Guðmundur Pálmi Kristinsson, Samband íslenskra sveitarfélaga,
- Kristjana Ósk Birgisdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Helgi Már Halldórsson, Samtök arkitektastofa
- Kolbeinn Kolbeinsson, Samtök Iðnaðarins
- Örn Baldursson, Framkvæmdasýsla ríkissins
- Arngrímur Blöndahl, ritari BSTR

Það eru alltaf nokkur tíðindi þegar nýr eða endurskoðaður íslenskur staðall lítur dagsins ljós. Vinnuhópurinn vonast til þess að ÍST 35:2018 reynist notadrjúgur næstu árin.

Staðlaráð Íslands er á

facebook





- Efnahagsleg áhrif staðla -

## Staðlar bæta heiminn

Niðurstöður nýrrar rannsóknar á áhrifum staðla á norrænt efnahagslíf sýna að notkun staðla hefur stuðlað að 38% framleiðniaukningu og 28% aukningu landsframleiðslu á Norðurlöndunum á árunum 1976-2014. Að meðaltali hafa staðlar því stuðlað að 0,7% framleiðniaukningu á ári, svo áratugum skiptir, þar sem notkun þeirra straumlínulagar ferla, bætir aðgang að nýjum mörkuðum og auðveldar áhættustjórnun.

Mikill meirihluti þeirra tæplega 1200 fyrirtækja sem tóku þátt í rannsókninni notar staðla til að uppfylla kröfur laga og reglugerða og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Ítarlegar niðurstöður rannsóknarinnar má finna á heimasíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

Staðlar leika líka lykilhlutverk við að skapa traust og viðhalda því. Stjórnendur 85% þeirra 1179 fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni fullyrða það. Sjálfbærni leikur sífellt stærra hlutverk og viðskiptavinir krefjast meiri gæða og vistvænnar framleiðslu og vinnslu.

Staðlar eru í lykilhlutverki við að uppfylla þær kröfur. Gæði eru tryggð með stöðlum.

Fyrirtæki líta á þátttöku í staðlastarfinu sjálfu sem mikilvægt tækifæri til að hafa áhrif á framtíðina, og sjá fyrir breytingar sem eru í farvatninu og verða þannig skrefi á undan öðrum. Stærstur hluti þátttakenda í rannsókninni líta á notkun staðla sem mikilvægan þátt í framtíðaráformum sínum.

### Staðlar deila þekkingu

Með stöðlum deila fyrirtæki með öðrum áhrifaríkum aðferðum og bestu venjum við rekstur og vöruframleiðslu. Vara eða þjónusta sem gerð er samkvæmt stöðlum á greiðan aðgang að mörgum mismunandi mörkuðum því hún uppfyllir gagnkvæman samning um bestu venjur sem viðskiptavinir og fyrirtæki geta treyst.

Haft er eftir Dalai Lama að það að deila þekkingu sinni sé leið til ódauðleika. Á meðan við getum ekki lofað því að þínar hugmyndir lifi að eilífu, er lykillinn að betri



*Helga Sigrún Harðardóttir,  
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands*

heimi sá að deila þekkingu sinni með öðrum. Það gerum við hjá Staðlaráði og erum til þjónustu reiðubúin að aðstoða fyrirtæki í öllum atvinnugreinum við að finna réttu staðlana.



## Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú dressar þig upp.

ÍST EN ISO 15831:2004 *Fatnaður - Lífæðisfræðileg áhrif - Mæling hitaainangrunar með mannlíkani til hitamælingar.*

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.